

**Nd. 230. Frumvarp til laga [101. mál]**

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson.

**1. gr.**

7. gr. laganna breytist þannig:

Þriðji málslíður í C-lið greinarinnar: „Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“ — falli burt.

**2. gr.**

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánssamningum, sem gerðir hafa verið við húsbýggjendur, á þann veg, að hækkun eða lækkun á árgreiðslum samkv. vísitölu falli niður.

**3. gr.**

Ríkissjóður bætir Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljóttast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum samkv. 2. grein.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samkvæmt svonefndu júnisamkomulagi, sem gert var milli verkalýðssamtakanna og ríkisstjórnarinnar 1964, var tekið upp það ákvæði í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að lán, sem hún veitti húsbýggjendum, skyldu vísitölutryggð. Verkalýðsfélögin féllust á þetta í trausti þess, að ekki yrði horfið frá því meginatriði júnisamkomulagsins, að greiddar yrðu vísitölubætur á kaup. Nú hefur þetta meginatriði júnisamkomulagsins verið numið úr lögum og ekki verið tekið upp í samninga milli atvinnurekenda og launþega. Því er eðlilegt, að vísitölubreytingar á húsnæðismálastjórnarlánnum til húsbýggjenda falli niður, þar sem þær byggðust á því, að launþegar fengju dýrtíðarbætur á kaup sitt.

Nánara verður þetta rætt í framsögu.